



## Nokkrar upplýsingar um helstu sprengjuflugvélategundir Bandaríkjastjórnar.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Sprengjuflugvélar – Listi –  
Bandaríkjastjórn – Flugher Bandaríkjanna

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-12, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nokkrar upplýsingar um helstu  
sprengjuflugvélategundir Banda-  
ríkjastjórnar.

-----

B-29 (Risaflugvirki)

Flugsvið (range), um 5000 mílur með fullri hleðslu, þ.e. vélin getur flogið frá Keflavíkurflugvelli til Washington eða Detroit og til baka aftur. (Vegalengd um 4800- 900 m fram og aftur).

Í ágústmánuði 1946 flaug risaflugvirki "Pacusan Dreamboat" 19444 mílur í einum áfanga eða frá Hawaii til Cario yfir norðurheimskautið og Ísland.

B-50 (Endurbætt risaflugvirki).

Flugsvið (range) um 6000 mílur með fullri hleðslu m.ö.o. það getur auðveldlega flogið frá Keflavíkurflugvelli til Chicago (vegalengd 2600 mílur) eða St. Louis (vegalengd ca. 2800 mílur) og til baka.

Í marzmánuði s.l. flaug flugvélin B-50 "Lucky Lady II" í einum áfanga án viðkomu umhverfis jörðina þ.e. um 23000 mílna vegalengd.

B-36 .

Þetta er stærsta sprengjuflugvél Bandaríkjanna sem nú er í notkun: Flugsvið hennar er um 10000 mílur með fullri hleðslu. Hefur hún flogið með 10000 punda sprengjufarm 9600 mílur eða frá Fort Worth, Texas til Hawaii og til baka, fyrr á þessu ári. Gæti þessi flugvél auðveldlega flogið til Los Angeles eða San Francisko á Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna, frá Keflavíkurflugvelli og til baka. Bandaríkjaflugerinn er nú þegar farinn að nota þessar flugvélar, 7. flugdeildin (7th Group) hefur aðsetur sitt í Fort Worth Texas. Í smíðum eru nú um 100 vélar en alls eru í notkun og í þöntun um 250 flugvélar af þessari gerð. Svo hér er enganvegin um að ræða flugvélar, sem hætt hefir verið við að smíða.

B-47.

Auk þess eiga Bandaríkjamenn nýja sprengjuflugvél knúna þrýstilofta, þ.e. B-47. Vél þessi er stærri en risaflugvirki, er talin hafa a.m.k. jafnmikið flugsvið eða um 5500 mílur. Hún er afar hraðfleyg svo að aðeins hraðfleygustu orustuflygvélar Bandaríkjamanna hafa sama hraða. Rússnesk sprengjuflugvél af Ilyushin gerð, sem hefir fjóra þrýstiloftshreyfla er talin líkjast B-47 allmikið.

Flugsvið flestra þessara flugvélategunda má auka verulega með því að setja í þær auka benzíngeyma, en að sjálfsögðu minnar þá hagnýt hleðsla þeirra að sama skapi.



Ath: Sú staðhæfing að B-29 og B-50 hafi ekki meira flugsvið (range) en 2000 mílur og að B-36 geti ekki flogið nema ca. 3500 mílur og hætt sé við að framleiða þær, er alröng og gripin úr lausu lofti.

Heimildit: Hít og þetta ameríska  
ámarít American Aviation.